

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Sigurður Már Einarsson

Haukadalsá efri
Fiskirannsóknir 1985

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-V / 86002

Apríl 1986

1. INNGANGUR.


Að beiðni Veiðifélagsins Hauka (efri áin), var unnið við fiskirannsóknir í Haukadalsá efri á vegum vesturlandsdeildar Veiðimálastofnunar 10-11 júlí 1985. Til efni þessara athugana var að athuga árangur sleppinga á sumaröldum laxaseiðum á ófiskgengan hluta efri árinna fyrir ofan svonefnd Hlaup, en undanfarin ár hefur slíkum sleppingum verið beitt á þennan hluta árinna að ráðum fiskifræðinga Veiðimálastofnunar sem tilraun til að efla laxgengd í Haukadalsá efri sem hefur verið í lágmarki undanfarin ár. Síðast var sleppt í ána árið 1984, alls um 10 þúsund seiðum. Áin hefur áður verið athuguð af hálfu Veiðimálastofnunar af Jóni Kristjánssyni (1974) og Þóri Dan Jónssyni (1983).

2. UMHVERFI.

Haukadalsá er að uppruna til sambland af dragá og stöðuvatni. Alls er áin 34 km að lengd og er vatnasvið árinna 239 km². Neðri áin er einungis 6 km að lengd og á upptök sín í Haukadalsvatni (Mynd 1) sem er allstórt stöðuvatn, 3.28 km² að stærð og liggur í 37 m hæð yfir sjó. Efri áin er hrein dragá og er hún fiskgeng að svonefndum Hlaupum (Mynd 1).

2.2. Laxveiðar.

Sem kunnugt er, er Haukadalsá góð laxveiðiá og á það einkum við neðri ána fyrir neðan Haukadalsvatn. Lítil laxgengd er hins vegar í efri ána. Skýrslur um laxveiði í efri ánni sýna að mest hafa veiðst í ánni 65 laxar árið 1971, en nú hin síðari ár hefur lítil sem engin veiði verið í ánni.



Mynd 1.

Vatnakerfi Haukadalsár í Dölum. Staðsetning veiðistaða er sýnd með númerum.

3. RANNSÓKNARGÖGN OG AÐFERÐIR.

Seiðarannsóknir voru gerðar í ánni 10-11 júlí 1985. Þéttleiki, vöxtur og útbreiðsla seiða var athuguð með rafveiðum. Alls var veitt á 7 stöðum í ánni, 4 á ófiskgenga hlutanum fyrir ofan Hlaup og 3 fyrir neðan Hlaup. Staðsetning veiðistaða er sýnd á Mynd 1.

Stofnstærð laxfiskaseiða var reiknuð á þann hátt að seiðamagn sem fékkst í einni rafveiðifyfirferð var umreiknað á 100 m² botnflatarmál. Ekki er því reiknuð heildarstofnstærð á ákveðnu flatarmáli, en það krefst mun tímafrekari aðferða, heldur leitast við að geta borið saman seiðamagn á mismunandi stöðum í ánni. Oft er hægt að margfalda það seiðamagn sem fæst í einni veiðifyfirferð með 2-4.

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld. Einnig voru tekin sýni af hluta aflans til aldursákvarðana (hreistur/kvarnir).

4. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐUR.

4.1. Ófiskgengi hlutinn.

Á ófiskgenga hlutanum fundust einungis laxaseiði, en hvorki varð vart við bleikju né urriða (Tafla 1). Þetta er í samræmi við fyrri athuganir (Jón Kristjánsson 1974), en þá varð mjög lítið vart við fisk á þessu svæði, en þó varð vart við urriða.

Þéttleiki laxaseiðanna var nokkuð breytilegur á milli staða (Tafla 1). Mest fannst af seiðum á stöð 1, en minnst á stöð 4. Mismunandi þéttleiki getur stafað af ýmsum ástæðum svo sem mismunandi dreifingarpéttleika og mismunandi uppeldisskilyrðum á hverjum stað.

Tafla 1.

Þéttleiki laxaseiða og bleikjuseiða (fjöldi veiddra seiða í einni yfirferð/100 m²) á veiðistöðum í Haukadalsá efri 10-11 júlí 1985. Þéttleiki laxaseiða er sýndur fyrir hvern aldurshóp, en heildarseiðamagn fyrir bleikju (A: ófiskgengi hlutinn, B: Fiskgengi hlutinn).

Stöð	Svæði m ²	Lax					Bleikja
		1+	2+	3+	4+	St	St
A							
1	480	2.9	0.4	-	-	3.3	-
2	470	1.9	0.6	-	-	2.5	-
3	480	0.4	0.4	-	-	0.8	-
4	272	0.7	-	-	-	0.7	-
B							
5	200	-	-	-	-	0	1.0
6	256	-	-	-	-	0	5.1
7	210	-	1.0	0.5	0.5	2.0	3.3

Tafla 2.


Meðallengdir laxaseiða (sm) á veiðistöðum í Haukadalsá efri 10-11 júlí 1985 (A: ófiskgengi hlutinn, B: Fiskgengi hlutinn, L: Meðallengd, n: Fjöldi).

Stöð	1+		2+		3+		4+	
	L	n	L	n	L	n	L	n
A:								
1	8.8	14	11.5	2				
2	8.8	9	11.6	3				
3	9.2	2	11.1	2				
4	8.8	2						
7			8.4	2	8.2	1	9.7	1

Tveir seiðaárgangar fundust á þessu svæði (Tafla 2 og Mynd 2) og reyndust seiðin vera úr sleppingum frá árunum 1983 og 1984. Vöxtur seiðanna (Tafla 2) sýnir að flest seiðin ná göngustærð eftir 2 ára dvöl í ánni. Þannig var meirihluti tveggja ára seiðanna (árgangur 1983) í göngubúningi og virtist því á leið til sjávar. Þessar niðurstöður gefa til kynna að sleppiseiðin þrífist ágætlega í ánni. Vöxtur er góður og þéttleiki seiðanna sýnir að afföll virðast vera viðunandi, en ekki er þó hægt að segja til um það með neinni vissu þar sem dreifingarpéttleiki er ekki þekktur og heildarstofnstærð seiðanna var ekki reiknuð út.

4.2. Fiskgengi hlutinn.

Á fiskgenga hlutanum var veitt á 3 stöðum. Í ljós kom að mjög lítið af laxaseiðum fannst á þessu svæði (Tafla 1) og bleikja var nær einráð á þessum hluta. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri athuganir. Árhlutinn fyrir neðan Hlaup nýtist lítið til uppeldis á laxaseiðum og er áin líkast til fullsetin af bleikjuseiðum. Laxaseiðin virðast verða undir í samkeppni við bleikjuna á þessum hluta árinna. Líkleg



skýring á þessu er að áin sé það köld að laxaklak eigi erfitt uppdráttar, sérstaklega í köldum árum sem algeng hafa verið á Íslandi undanfarin ár.

5. RÁÐLEGGINGAR.

Á síðustu árum hefur Veiðifélagið Haukar gert öflugt átak til að auka laxgengd í Haukadalsá efri, með sleppingum á sumaröldum seiðum á ófiskgenga hluta árinna. Laxveiðin í kjölfar sleppinganna er hins vegar lítið farin að aukast. Rannsóknir á árangri sleppinganna sýna að vöxtur og afföll sleppiseiða virðast sambærileg við niðurstöður úr sambærilegum tilraunum í öðrum ám. Geta má þess að sleppingarnar eru aðeins að litlum hluta farnar að skila sér og þeir seiðaárgangar sem eru í ánni núna skila sér sem kynproska lax árin 1966-1988. Á næstu árum kemur því betur í ljós hver raunverulegur árangur sleppinganna verður.

Rétt er að íhuga hvaða árangri þessar sleppingar gætu hugsanlega skilað. Hingað til hefur því miður reynst erfitt að meta árangur slíkra sleppinga. Mjög erfitt er að merkja svo lítil seiði og því hefur mat á árangri aðallega byggst á hreistursathugunum. Endurheimtur hafa reynst misjafnar, en algengt er að um 1% laxa hafa endurheimst í stangveiðinni. Sé tekið dæmi um sleppingu á 10 þúsund seiðum í Haukadalsá árið 1984 og miðað við að flest seiðanna fari til sjávar vorið 1986, gæti sleppingin skilað um 100 löxum í veiði sem dreifðist á árin 1987 og 1988. Aðstæður í Haukadalsá eru hins vegar þannig að ólíklegt er að allur þessi fjöldi skili sér í efri ána, þar sem fiskur sem ætlar sér í efri ána er undir veiðiálagi í neðri ánni og í Haukadalsvatni. Ekkert er hins vegar hægt að segja til um hve mikill hluti laxanna gæti veiðst þar. Annað sem áhrif gæti haft á minni veiði er að lax er oft tregur til að ganga upp í kaldar dragár fyrr en seint á veiðitímabilinu. Líklegt er því að lax sem ætlar sér að hrygna í efri ánni gæti dvalið í Haukadalsvatni fram eftir sumri. Öhjákvæmilega myndi

slík hegðun minnka þann fjölda fiska sem veiddist úr sleppingunni. Að endingu skiptir að sjálfsögu miklu máli hvernig efri áin er stunduð af stangveiðimönnum.

Á næstu árum kemur í ljós hvort sleppingar á seiðum í efri ána séu fjárhagslega hagkvæmar. Til að meta raunverulegan árangur sleppinganna hentugast að skipuleg söfunun á hreistursýnum af löxum hefjist strax á næsta ári úr öllu vatnakerfinu. Sleppingarnar virðast hafa gengið vel hvað seiðastigið varðar en raunverulegur árangur verður aðeins mældur í fjölda kynþroska laxa sem skila sér í vatnakerfið.